

15-20% afsláttur

er gefinn af vinnutreyjum og
buxum í verslun

St. B. Kristjánssonar.

Fram

Tilbúin
Fermingarföt

fást hjá
Páli S. Dalmar.

VI. ár.

Siglufirði 20. maí 1922.

18. blað.

Hér með tilkynnist heiðruð-
um lesendum „Fram“ að eg
og faðir minn, Björn G. Blönd-
al, sem undanfarin ár hefur haft
ritstjórnina á hendi með mér,
hættum ritstjórninni með þessu
tölublaði.

Virðingarfyllt

Sophus A. Blöndal.

„Íslendingur“ og Fiskiveiðalögin.

Ritstjóri »Íslendinga« ver miklu
rúmi í heiðruðu blaði sínu 5. þ. m.
í háðsmerki um oss Siglufirðinga og
»Fram« í sambandi við fiskiveiða-
löggjöf síðasta alþingis, og telur
að »Fram« og Siglufirðingar (mót-
mælafundur Siglufirðinga) hafi mis-
skilið lögin.

Ef til vill er ekki ástæða til að
taka ummæli ritstjórans svo mjög
alvarlega, en rétt er þó að athuga
þetta í stuttu máli.

Ummæli ritstjórans um að mót-
mælafundurinn hér hafi misskilið
lögin, eru staðlausir stafir af þeirri
einföldu ástæðu, að fundurinn fór
ekki inn á skilning laganna. Fund-
urinn mótmælti lögunum um bann
gegn því að útlendingar verkuðu
sild í landi, eða á skipum á höfnum
inni, með þeirri rökfærslu að slíkt
bann kæmi ekki að tilætludum not-
um vegna þess, að bann eða tak-
mörkun (því bannið er ekki undan-
tekningalaust) mundi reka útlend-
ingana til þess að salta og verka
sildina utan landhelgi, og væru þá
Íslendingar engu nær. Hér verður
ekki farið út í það atriði, hvort það
útaf fyrir sig er rétt eða ekki rétt,
að slíkt síldarverkun geti átt sér stað
utan landhelgi — þótt reynslan hafi
sannað að svo sé — heldur bent á
það, að ritstjóri »Íslendinga« hefur
fyrir nokkru haldið því fast fram í
»Íslendingi« — og það með réttu
— að ef síldartollurinn yrði ekki
lækkadur niður úr 3 kr., þá yrði það
aðeins til þess að reka útlendinga
út fyrir landhelgina til síldarverkun-
ar, og landsmenn og ríkissjóður
engan hlut fá af þeim hagnaði sem
atvinnurekstrinum væri samfara.

En nú spyr eg ritstjóra »Íslend-

ings«, fyrst hann álitur að hátt út-
flutningsgjald á sild fæli útlendinga
út fyrir landhelgina með síldarsölt-
un sína: Hversu miklu fremur hlýt-
ur þá ekki slíkt verkunarbann, sem
hin nýju lög eru, að knýja útlend-
inga til þess að salta og verka »Ís-
lenska sild« utan landhelgi, til nið-
urdreps og tjóns fyrir hinn ísl. at-
vinnuveg?

Frá þessu kemst ritstjóri »Íslend-
ings« varla með nokkurri rökrétri
hugsun.

Svo er annað, að ef mótmæla-
fundurinn hefði farið villur vegar í
því, sem ritstjóri Ísl. þó áður hefur
játað og haldið fast fram, að miklir
möguleikar séu fyrir síldarverkun
útlendinga utan landhelgi, þá væri
það misskilningur fundarins á nátt-
úrskilyrðum fyrir utanlandhelgis-
verkuninni, en ekki misskilningur á
lögnum sjálfum, eða réttara sagt
frumvarpinu sem lá fyrir fundinum,
svo að í þessari fullyrðing ritstjór-
ans er engin heil brú, hvernig sem
maður veltir henni og snýr fyrir sér.

Að því er skilning laganna snert-
ir þá er það að vísu satt, að á und-
irbúningsfundi undir mótmælafund-
inn gaf embættismaður sá, er fram-
kvæma á lögin hér, þá skýringu, að
hann að sínu leiti skildi frumvarpið
þannig, að útlendingar mættu selja
í land veiði sína af erlendum skip-
um, þeim sem samkv. frumvarpinu
hefðu rétt til að verka sild í landi
— eins og nú er komið á daginn
að lögin verði skilin — en gat
þess, að frumvarpið væri ekki alls
kostar skýrt á þessu sviði. Við
lestur greinargerðarinnar með stjórn-
arfrumvarpinu virtist mér og fleir-
um Siglufirðingum þetta atriði vera
all vafasamt og varð það úr, að
þingmenn kjördæmisins voru beðn-
ir, auk margnefndra mótmæla, að
bera fram svohljóðandi viðaukatil-
lögu við 3. gr. frumvarpsins:

»Erlend veiðiskip mega þó selja
í land veiði sína,« og eins og sagt
er frá í »Fram« 25. f. mán. var til-
færð fyrir þessu sú höfudástæða, að
naudsynlegt sé að skýrt sé ákved-
ið í lögunum sjálfum, hvað virki-
lega sé leyft í þessu atriði. Þegar
þetta kom suður, hafði nefndin skil-
að álit í málinu, en framsögumað-
ur málsins í Efrideild sagðist vilja
við framsögu málsins slá því föstu,
að heimilt væri útlendum síldarskip-
um að selja í land veiði sína, og
með þeim skilningi yrði frumvarp-

ið samþykkt. Teldi hann því, eða
nefndin, ekki ástæðu til að flytja
umbeðinn viðauka við lögin. Við
þetta höfum vér Siglufirðingar sætt
oss, eftir atvikum, en einmitt hafa
afskifti okkar af málinu orðið til
þess, að þessu atriði var hreyft á
alþingi og lögin við það skýrst í
framkvæmdinni.

Þrátt fyrir það þótt því sé nú
lýst yfir í þingræðum, að svona beri
að skilja lögin, og atvinnumálaráð-
herra einnig fallist á þann skilning,
er nú raunveruleikinn sá að flestir
af útlendingum þeim, sem hér eiga
síldarstöðvar, skilja þau á þann veg
að þessum skilningi sé ekki alls-
kostar treystandi og ætla sér flestir
að salta sild sína utan landhelginn-
ar, eða svo er það um Norðmenn;
þeir undirbúa nú utanlandhelgis-
verkun í stærri stíl en nokkru sinni
áður, svo aldrei verður hægt að
segja að löggjöf þessi nái þeim
tilgangi, að draga úr þeirri hættu-
legu samkeppni við íslenskan at-
vinnuveg, og lada sem flesta af
mönnum þeim, sem við síldarút-
gerð fást hér við land, **inn í land-
ið**, eins og mér og mörgum fleir-
um hefur fundist að hefði átt að
stefna að, og hvað eftir annað hef-
ur verið um rætt í þessu blaði til
þess einnig að Ísland og Íslending-
ar nytu sem bests og mests arðs af
auðlindum síns eigin lands.

Vil eg því ekki enn sem komið
er taka undir gleðihróp ritstjóra »Ís-
lendinga« og segja með honum, að
lögin hvað þetta snertir: »séu ekki
öðruvísi en vera ber, og engin á-
stæða sé til þess að bera sig upp
undan harðrétti af hálfu hins ís-
lenska löggjafarvalds.«

S. A. Blöndal.

Frá Alþingi.

Við byrjun á umr. um fjárlögin í
n. d. var Bjarni frá Vogu framsögu-
maður í forföllum Magnúsar Péturs-
sonar. Var hann bjartsýnn á hag-
ríkissjóðs í framtíðinni og kvaðst
ekki vera því fylgjandi, að Íj.v.n.
hefði gengið jafnlangt og hún hefði
gert í því að fella niður fjárveiting-
ar t. d. til síma, en úr því að hún,
eða meiri hluti hennar, hefði geng-
ið svo langt, þá lagði hann og minni

hlutinn til, að fjárveiting til vega
(ca. 200 þús. kr.) falli einnig niður,
því að sízt megi síður vera án sím-
anna en veganna. Skuldir lands-
manna, aðrar en sammingsbundnar,
væru nú 16 milj. kr. þar í taldar
verzlunar- og bankaskuldir. Hefðu
því landsmenn borgað 12 milj. kr.
af skuldum sínum þrátt fyrir ilt ár-
ferði og slæma afurðasölu. Nú væri
góðæri til lands og sjávar, fiskisala
gengi vel o. s. frv. og væri því fylsta
ástæða til að ætla, að skuldir lands-
manna mundi lúkast að fullu þetta
ár og þá mundi gengismunurinn
hverfa.

Atvinnumálaráðherra kvað vand-
ræði að þurfa að leggja niður fjár-
veitinguna til vega, því að fátt væri
okkur nauðsynlegra, en þó kvaðst
hann ekki leggjast beint á móti
þessu vegna fjárhagsörðugleikanna,
ef brýn nauðsyn þætti til. Hins veg-
að taldi hann að símarnir væru ekki
jafn nauðsynlegir.

Þórarinn Jónsson talaði fyrir brt-
till. um lækkun launa til sendiherr-
ans. Kvað hann marga álitá stöðu
þessa óparfa, en engan dóm sagð-
ist hann leggjá á það, en hins veg-
ar væri ríkinu það ofvaxið að leggja
svona mikið fé fram.

Stef. Stefínsson mælti fram með
1000 kr. styrk til bátaferða til Grims-
eyjar, sem lægi langt úti í reginhafi.

Forsætisráðherra taldi hækkinguna
til sendiherrans nauðsynlega. Hann
gæti ekki lifað af þeirri fjárveitingu,
er nú væri. Sendiherraembættið taldi
hann ómissandi og manninn þann
hæfasta, sem völ væri á. Í sama
strenginn tók Magnús Guðmunds-
son. Kvað hann manninn hafa ó-
venjulega hæfileika til að vera í þess-
ari stöðu sökum þekkingar sinnar
og áhuga á öllu, er lyti að verzlun.

Jón Þorláksson kvaðst vera á móti
því, að fjárveitingar til vega og síma
væru feldar niður. Væri engin á-
stæða til þess að draga úr verklegu
framkvæmdunum þegar forsætisráð-
herra, í broddi þess flokks sem
fylgdi honum, risi öndverður gegn
allri sparnaðarviðleitni í þá átt að
minka tildrið og hégómann. Ætti í
raun og veru sú stjórn ekki skilið
að íá tekjuhállalaus fjárlög.

Sveinn Ólafsson mælti fram með
brt.till. sinni um það, að fella niður
styrkinn til Bjarna frá Vogu til þýð-
ingar á Fausi. Kvaðst hann ekk-
líta, að bokmentum okkar væri neina
sérlegur gróði að því. Væri yrkis-